

Kafli 6.3 – Erving Goffman

Spurningar úr efni bls. 193-201.

1. Nefndu fimm bækur eftir Goffman og greindu frá markmiði hans með bókum sínum.
2. Hver er kjarninn í samlíkingu Goffmans á samfélagi og leiksviði?
3. Hvernig lýsa leikrænir þættir mannlífsins sér?
4. Hvað gerist þegar fólk hittist og leiksýning hefst?
5. Hvernig tengist leiksýning hugtakinu skilgreining á aðstæðum?
6. Hvað á Goffman við með því að tala um að fólk leitist við að gefa góða mynd af sjálfu sér?
7. Hvað á Goffman við með að fólk horfi viljandi framhjá atvikum?
8. Hvernig lýsir kurteislegt afskiptaleysi sér sem óskráð regla í samfélaginu?
9. Hver er munurinn á kurteisu afskiptaleysi og því sem kallast skeytingarleysi sjónarvotta?
10. Hver er munurinn á vísvitandi tjáningu einstaklings og ósjálfráðrar tjáningar hans?
11. Hverjir eru það sem Goffman kallar bandamenn í leiksýningu?
12. Hvernig lýsir framsvið sér í samskiptum fólks (leiksýningu)?
13. Hvernig er framhlið einstaklings (leikara) tvískipt?
14. Hvað gerist á því sviði sem Goffman nefnir baksvið?
15. Hverjir eru svokallaðir uppljóstrarar að mati Goffmans?
16. Hver er munurinn á hugmyndinni um hlutverk sem forskrift að hegðun eða sem túlkun á aðstæðum?

17. Hver er munurinn á nálægð í hlutverki og fjarlægð frá hlutverki?
18. Hvernig tengir leikskáldið Robert Cohen þessa sýn Goffmans á hlutverk við heim leikhúsfræðanna?
19. Hvernig lýsir þýski félagsfræðingurinn George Simmel fyrirbærinu félagskennd?
20. Hvernig lýsir Simmel hópum sem einkennast annars vegar af tvennd og hins vegar af þrennd?
21. (Hópverkefni) Goffman er að reyna að lýsa samskiptum í hversdagslífinu. Hann notar hugtök sem kunna að vera framandi við fyrstu sýn. Hann er þó aðallega að sýna fram á allar óskráðu reglurnar í samskiptum fólks. Ákveðið eitthvað svið samskipta í skólanum eða á heimili ykkar og gerið athugun á því í anda Goffmans. Er auðvelt að koma auga á allar óskráðu reglurnar í samskiptum fólks? Hver finnst ykkur vera munurinn á tveggja manna samtali og þriggja manna samtali?